

UMHVERFISSTEFNA ÍSFÉLAGS HF.

Ísfélag hf. („félagið“) hefur sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í allri starfsemi sinni. Markmið stefnunnar er að draga úr umhverfisáhrifum, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi og samfélagslegri ábyrgð.

Markmið

- **Sjálfbær þróun:** Að hafa sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu starfi félagsins.
- **Minnkun umhverfisáhrifa:** Að úrbætur í rekstri og þjónustu taki mið af því að minnka umhverfisáhrif.
- **Lágmörkun auðlindanotkunar:** Að halda auðlinda- og efnanotkun í lágmarki og draga úr mengun eins og kostur er.
- **Úrgangsstjórnun:** Að vinna stöðugt að því að draga úr úrgangi og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu hans.
- **Nýtum auðlindir sjávar af ábyrgð:** Ábyrg veiði og umgengni um vistkerfi hafsins tryggir langtímahagsmuni og verðmætasköpun fyrir starfsfólk, hluthafa og íslenskt samfélag

Aðgerðir

- Meta umhverfisáhrif við allar meiriháttar breytingar á rekstri, búnaði eða starfsháttum.
- Árleg skýrslugjöf um umhverfismál.
- Við rekstur og viðhald bygginga skal leitast við að velja vistvæna kosti, s.s. orkusparandi ljósaperur og tæki.
- Lágmarka notkun spilliefna og tryggja örugga meðhöndlun þeirra.
- Flokka úrgang á öllum starfsstöðvum og auka hlutfall endurvinnslu og endurnýtingar.
- Stunda veiðar í samræmi við lög, reglur og ráðgjöf um sjálfbæra nýtingu fiskistofna.
-

Eftirlit og endurskoðun

Umhverfisstefna þessi skal endurskoðuð árlega eða oftar ef þörf krefur til að tryggja að hún sé í samræmi við breyttar aðstæður og stefnu félagsins. Stjórnendur bera ábyrgð á framkvæmd stefnunnar, en allt starfsfólk skal hafa hana að leiðarljósi í störfum sínum.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Ísfélags hf. 23. janúar 2026.